

T I L L A G A
til þingsályktunar um grunnskipan þjóðkirkjunnar.
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af löggjafarnefnd
Frsm. Þorgrímur Daníelsson.

Kirkjuþing 2016 samþykkir að fela löggjafarnefnd kirkjuþings að semja tillögu að starfsreglum um grunnskipan þjóðkirkjunnar. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um með hvaða hætti breytingar yrðu gerðar á slíkum starfsreglum. Nefndin skili tillögum til kirkjuþings eigi síðar en 2017.

Greinargerð

Við einföldun laga um þjóðkirkjuna, má gera ráð fyrir því að völd þjóðkirkjunnar varðandi innri málefni sín vaxi mjög. Að áliti flutningsmanna, leiðir þetta til þess að mikilvægt er að safna ákvæðum um grunnskipan þjóðkirkjunnar saman á einn stað. Hér er sérstaklega átt við grunnþætti svo sem stöðu og hlutverk sókna, prestakalla, héraðsfunda, embætti presta, vígslubiskupa og biskups Íslands, kirkjuráðs og kirkjuþings.

Einnig er mikilvægt að taka afstöðu til þess hvort rétt er að slíkri grunnskipan þjóðkirkjunnar verði breytt með einföldum meirihluta á kirkjuþingi, eða hvort rétt er að setja slíkum breytingum þrengri skorður t.d. aukinn meirihluta eða að samþykkja þyrfti slíkar breytingar á tveimur kirkjuþingum, til að tryggja stöðugleika í grunnskipan þjóðkirkjunnar.

Tillagan gerir ráð fyrir að löggjafarnefnd geti skilað tillögum á vorþingi 2016 og eigi síðar en á kirkjuþingi 2017.